

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/3022*  
*komudagur 30.6.2008*

Reykjavík 30.júní. 2008

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Efni: Frekari athugasemdir vegna Frumvarps til laga um sjúkratryggingar (Þskj.955 – 613.mál)

Félag sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara þakkar fyrir beiðni nefndarinnar um athugasemdir félagsins við frumvarpið. Vísað er til fyrri athugasemda FSSS, dags. ?? maí sl. þar sem gerð er grein fyrir afstöðu félagsins til einstakra greina frumvarpsins.


Stjórn FSSS telur að ekki hafi komið nægileg rök fram fyrir því að ekki skuli samið við fag- eða stéttarfélög eins og 39. gr gerir ráð fyrir. Stjórnin fagnar því sjónarmiði nefndarinnar að virða beri samskeppnislög en ítrekar jafnframt það sjónarmið sitt að í veigamiklum atriðum brjóti frumvarpið þau lög í stað þess að fylgja þeim. Dæmi um slíkt eru ákvæði frumvarpsins um fast verð þjónustunnar og samræmd afsláttarkjör jafnframt því sem mismunur á borð við efni 29. greinar um hverjum sé heimilt – og hverjum ekki – að innheima álag fyrir þjónustu utan dagvinnutíma.

Það meginatriði frumvarpsins að koma í veg fyrir að samið verði við einstök félög um þjónustu og verðlagningu eykur að mati stjórnar FSSS verulega hættuna á því að fagleg viðmiðum og metnaði verði smám saman fórnað á altari þess verðstriðs sem frumvarpið hvetur í raun til. Þá er augljóst að frumvarpið þrýstir á samþjöppun í geiranum þar sem hugmyndafræði og dýrmætri hagsýni einstaklings í rekstri er fórnað. Nægir í þessu sambandi að benda á þróun í lyfjasölu á Íslandi.

Stjórn FSSS ítrekar athugasemdir við 29. gr frumvarpsins og til viðbótar við áður nefnd rök vill stjórnin benda á að stuðningur sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara við atvinnulífið er ómældur. Kostnaður einstaklinga og atvinnulífs, og um leið alls samfélagsins, er augljós þegar frí er tekið í vinnu til þess að fara í sjúkraþjálfun. Sjúkraþjálfun eftir hefðbundinn dagvinnutíma er hins vegar óhjákvæmilega kostnaðarsamari fyrir þann sem veitir þjónustuna og eru færð fyrir því sömu rök og vegna starfssemi heilsugæslustöðva eftir klukkan 16.00. Því telur stjórn FSSS fráleitt að binda heimild um hærri gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu við heilsugæsluna. Heimild fyrir hærri gjaldi gæti aukið framboð á sjúkraþjálfun utan hefðbundis dagvinnutíma með tilheyrandi hagræði fyrir bæði fólk og fyrirtæki. Einnig getur það komið í veg fyrir að einstaklingar dragi úr hófi fram að leita sér aðstoðar og meðferðar sem gjarnan veldur því að vandamálin aukast og meðferð verður mun tímafrekari fyrir vikið.

Stjórn FSSS telur frumvarpið í veigamiklum atriðum setja rekstrargrundvöll einkarekinnar sjúkráþjálfunar í uppnám og skorar á nefndina að endurskoða þau ákvæði sem stjórnin gerði athugasemdir við í áðurnefndu bréfi sínu frá 21. maí sl.

Virðingarfyllt,

  
Kristján Hjálmar Ragnarsson, formaður FSSS